

7. Frumvarp

til laga um búljárrækt.

(Lagt fyrir Alþingi 1931 — 44. löggjafarþing).

I. KAFLI.

Um nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar, sem er starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, og þar, sem stofnuð verða nautgriparæktarfélög eftir að lög þessi öðlast gildi og eftir að kosin hefir verið nautgripakynbótanefnd, fellur starfssvið hennar niður, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparæktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún eftir því sem unnt er velja að vorinu, fyrir vorhreppaskilþing, og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa eða taka naut á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstöku mönnum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við starfið, en allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, er leiðir af nautahaldinu, að rétttri tiltölu við tölu kúa með kálfi (sbr. 7. gr.). Samskonar undanþágu getur atvinnumálaráðherra veitt einstöku sveitarfélagi í heild, ef meiri hluti bænda þar óskar og nautgriparáðunautur mælir með.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða, og það í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýzt af, en sé að ræða um félagsnaut, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd til að notast til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar. Taka má slík naut utan heima-lands eiganda, ef það ekki er í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri til kynbóta í hreppnum, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu, og á hús og hey ef þörf krefur. Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún svo fljótt, sem því verður við komið vitja nautsins og borga áfallinn fóður- og hirðingarkostnað. Hafi nautið verið í geymslu eiganda, á hún aftur aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálf mánaðar, skal sá, er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lán-um til nautakaupa eða girðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefndin niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári og sem ekki eru eign manna, sem hafa fengið undanþágu frá að þurfa að taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr. Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst þá með öðrum árlegum kostnaði.

Sanni kýreigandi, að kýrin hefir ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að borga nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæðum allra kýreigenda, að láta menn borga nautstolla með fóðri eða heyi, að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það þá hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, svo og reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.). Reikningur skal endurskoðaður af tveim mönnum. kosnum á aðalfundi nautgripæræktarfélagssins, en þar sem slíkt félag er ekki starfandi, skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hrepps-reikninganna.

9. gr.

Kynbótanefnd skal árlega ræða um kynbótastarfið á almennum hreppsfundi. Þar skal taka ákvörðun um, hvernig og hvenær skuli innheimta nautstolla, svo og annað, er starfið varðar. Það, sem samþykkt er á fundinum og ekki kemur í bága við lög þessi, er bindandi fyrir nefndina og hreppsmenn.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir samþykkt að stofna nautgripæræktarfélag, komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk til starfseminnar úr ríkissjóði, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

11. gr.

Tilgangur nautgripæræktarféлага, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Í samþykktum félagsins skal tekið fram, að árlega skuli halda mjólkur- og fóðurskýrslur, gera fitumælingar í mjólkinni, og eftir því sem fõng eru til sjá um, að notuð séu sem bezt naut til undaneldis.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar, og nemur hann 1,50 kr. á hverja reiknaða árskú í félaginu, séu aðeins gerðar vikulegar mjólkur- og fóðurmælingar, en 2,00 kr. á hverja reiknaða árskú, séu jafnframt gerðar að minnsta kosti 3 fitumælingar á ári.

Styrkurinn borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands, í því formi, er það krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

12. gr.

Félag, sem stofnað er eftir 10. gr., getur auk styrks þess, sem um ræðir í 11. gr., fengið styrk til nautahalds, ef það notar naut, sem er að minnsta kosti tveggja ára, og sem hefir hlotið I. eða II. verðlaun á sýningu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgripærækt. Félagin geta fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Noti sama félag fleiri

en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir.

13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Skal þá landinu skipt í 5 sýningar-svæði og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningunum leggur ríkissjóður 50 aura fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Fyrstu og önnur verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands sér um fyrirkomulag sýninga þessara og úthlutun verðlauna.

14. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ af kostnaðarverði girðingarinnar, þó aldrei meira en 400 krónur til sama félags.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmdir samkvæmt þessum kafla, úthlutun á styrk eftir honum og annað, sem að því lýtur og hann fjallar um. Það safnar skýrslum um starfið og sér um, að unnið verði úr þeim sem aðgengilegast yfirlit, og það birt eftir því sem nauðsyn þykir. Búnaðarfélag Íslands getur sett reglur um þau atriði nautgriparæktar, sem lög þessi fjalla um, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

16. gr.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá 10--500 kr., og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins.

17. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í þessum kafla, eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

II. KAFLI.

Um kynbætur hrossa.

18. gr.

Bannað er að láta graðhesta, $1\frac{1}{2}$ árs eða eldri, ganga lausa í heimahögum eða afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

19. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum, kosin eftir sömu reglum og gilda um kosning í hreppsnefnd. Þar sem

hrossaræktarfélag er, sem starfar með styrk úr ríkissjóði (sbr. 34. gr.) og í er meiri hluti búenda í hreppnum, er stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd.

20. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega, innan eða utan hrepps, hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar, sbr. þó 28. gr. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin taka á leigu til afnota innan hrepps. Skal nefndin gera hreppsþúum kunnugt um val hestanna, með auglýsingu fyrir lok marz mánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

21. gr.

Hrossakynbótanefnd hefir vald til að ákveða, hvaða kynbótahestur er tekinn á leigu fyrir hreppinn, og sömuleiðis til að semja um leigu, fóður og hirðingu fyrir hestinn, en til að kaupa hest þarf nefndin heimild hreppsnefndar eða lögmæts hreppsfundar. Þó má ekki kaupa kynbótahest nema hrossakynbótanefnd samþykki valið á hestinum.

22. gr.

Nú á hreppsfélag enga girðingu fyrir kynbótahross, en hrossakynbótanefnd sannar, að hún geti ekki haldið gildandi lög um kynbætur hrossa, nema að hún hafi slíka girðingu til afnota, og er henni þá heimilt að taka slíka girðingu á leigu og semja um leiguna. Telst þessi kostnaður með öðrum gjöldum kynbótastarfseminnar.

Geti hrossakynbótanefnd ekki útvegað sér neitt tilboð um girðingarafnot, sem hún telur viðunanlegt, skal hún tilkynna hreppsnefndinni það, en hreppsnefndin kaupa land, eða taka það á leigu, og girða það, svo fljótt sem þurfa þykir og við verður komið. Skyllt er hrossakynbótanefndinni að aðstoða hreppsnefndina við þessar framkvæmdir. Vextir og afborganir af fé því, sem þarf til þessara framkvæmda, telst til útgjalda hrossakynbótanna, hvort sem það er greitt úr hreppssjóði eða til þess tekið sérstakt lán.

23. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á héraðssýningum, er styrks hafa notið úr ríkissjóði, skal merkja þannig, að klippa Kh á hægri lend þeirra. Eigandi eða umráðamaður hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf, til þess að það sé jafnan glögg.

Nú sannast, að einhver hafi merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyrr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest, hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafé og selja án innlausnarfrests.

24. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkv. 20. og 21. gr., skal gelda eða taka í örugga vörzlu fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem ekki er hægt að gelda þá vegna byggingarlýta, skal taka í örugga vörzlu þar til þeir hafa verið geltir.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í örugga vörzlu, og skal hann þá sekt gjalda, og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýzt af. Taka má slíkan hest, hvar hann hittist, nema í öruggri vörzlu sé, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

25. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh á hægri lend, gæzlulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæzlu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unnt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann með 4 vikna innlausnarfresti.

26. gr.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppaskilaþingi, leigu fyrir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóður, leigu eftir girðingu, vexti og afborganir af lánum o. s. frv., jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, með þeim undantekningum, sem um getur í 28. gr. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar, á þeim tíma, er hún til tekur, og er gjaldið lögtakskræft.

Nú nær kostnaðurinn við kynbótastarfið ekki 8 kr. á hvert folald, og er kynbótanefnd þá heimilt að jafna niður meiru en kostnaðinum nemur, allt að 2 kr. á hvert folald, þó svo, að alls verði ekki greitt yfir 8 kr. fyrir hvert folald. Verði ágreiningur um gjald þetta, sker atvinnumálaráðherra úr.

27. gr.

Nú er hryssu komið í fóður eða í hagagöngu í annan hrepp en eigandi á heimili í, og kastar áður en hún er færð heim, þá skal gjalda toll af því folaldi þar sem hryssan var talin fram.

Sé hryssan yfir allt árið í öðrum hreppi en heimili eigandans er, og er leidd þar til kynbótahests, þá skal gjalda toll af folaldi hennar þar sem hún framfærist, en ekki þar sem eigandinn er til heimilis.

28. gr.

Nú er samþykkt á lögsmætum sveitarfundum með meiri hluta atkvæða, að hreppurinn hafi engan graðhest til afnota í eitt eða fleiri ár, og geta þá þeir hreppsþúar, er vilja hafa graðhest, krafizt þess af hrossakynbótanefnd, að

hún semji um afnot af graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða leyfi þeim að hafa graðhest til notkunar, sbr. 30. gr.

29. gr.

Pegar hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, sbr. 34. gr., og sá hluti hreppsins, sem er utan félagsins, vill ekki vera í samvinnu við félagið um hrossakynbætur, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka neinn þátt í kostnaði af kynbótastarfi þess hluta hreppsins, sem ekki er í félaginu.

30. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að leyfa hrossamörgum bændum, eða þeim, sem eiga mjög gott hrossakyn, eða öðrum, sbr. 28. og 29. gr., að halda sjálfir sína eigin graðhesta, og greiða þeir þá ekki tolla af folöldum sínum til kynbótastarfsemi hreppsins, en samþykkja skal kynbótanefnd val slíkra kynbótahesta. Eigendur kynbótahestanna skulu aftur á móti skuldbinda sig til að lána þá, eftir því sem kynbótanefnd telur henta bezt fyrir sveitina, og eigi við hærra verði en þá gildir almennt í þeirri sveit. Þó má kynbótanefnd leyfa, að þessir tollar séu allt að kr. 5.00 hærri, sé um mjög ágæta kynbótahesta að ræða.

31. gr.

Hrossakynbótanefnd skal halda gerðabók, þar sem hún ritar í allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, bréf o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum, og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Formaður gerir reikning yfir tekjur og gjöld hrossakynbótastarfsins á nýliðnu ári, strax eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á næsta vorhreppaskilafingi.

32. gr.

Rétt er bændum að stofna hrossaræktarfélög. Mega þeir eigi vera færri en 5 og eiga samtals að minnsta kosti 30 hryssur til undaneldis. Nú hafa menn orðið ásáttir um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, og getur þá félagið fengið styrk úr ríkissjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir, sbr. 33., 34. og 35. grein.

33. gr.

Reikningsár hrossaræktarfélags er almanaksár. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hrossaræktarfélag hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um störf sín á síðastliðnu ári og reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á sama tíma, og sé reikningurinn endurskoðaður og samþykktur á aðalfundi félagsins. Beri ársskýrsla og reikningur félagsins það með sér, að félagið hafi uppfyllt þær kröfur, sem Búnaðarfélag Íslands gerir til slíkra félaga, þá nýtur það styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests félagsins, 1,50 kr.

2. Upp í fóðurkostnað kynbótahests félagsins, ef hann hefir hlotið fyrstu verðlaun á afkvæmasýningu, þar sem rikissjóður greiddi verðlaunin, 100 kr.

34. gr.

Starfandi hrossaræktarfélag, sem um ræðir í 32. og 33. gr., njóta styrks úr rikissjóði til að kaupa kynbótahesta, er nemur $\frac{1}{3}$ þess verðs, er hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands virðir hestinn til peninga, enda mæli hann með kaupunum. Styrkur þessi skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi félag noti hestinn til undaneldis, á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Styrkur þessi má endurtakast til sama félags, þó eigi með skemmra millibili en 15 árum, enda mæli hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands með því.

35. gr.

Hrossaræktarfélag njóta styrks úr rikissjóði til að koma upp girðingum til afnota fyrir hrossakynbætur, með allt að $\frac{1}{3}$ kostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hverrar girðingar. Skyld eru félag að halda slíkum girðingum við, til afnota fyrir kynbótastarfsemina, að minnsta kost í 15 ár, ella endurgreiði þau styrkinn.

36. gr.

Nú þekkir hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands stóðhest, sem, eftir því sem vitað verður, er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefir ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests. Er þá atvinnumálaráðherra rétt að kaupa hestinn fyrir rikissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa hestinum með samþykki atvinnumálaráðherra, þannig að hestinum sé fengið fóður og hirðing í því héraði, þar sem álizt mest þörf að bæta við góðum kynbótahesti, og skal hann þá lánaður héraðsbúum til afnota fyrir ákveðið gjald fyrir hverja hryssu, sem leidd er til hans. Gjaldið ákveður Búnaðarfélag Íslands í samráði við atvinnumálaráðherra.

Heimilt er að selja slíka hesta, þó aðeins hrossaræktarfélagum, og með því skilyrði, að þeir séu notaðir til undaneldis á meðan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur það rétt. Þó skal rikissjóður aldrei eiga fleiri en 4 kynbótahesta samtímis.

37. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár. Skal þá landinu skipt í þrjú sýningarsvæði, og sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningunum leggur rikissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, og þó aldrei minna en 100 krónur til hverrar sýningar, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði. Auk þess greiðir rikissjóður 50 kr. til viðbótar hverjum I. verðlaunum stóðhestanna, en af sýn-

ingarfjám skulu greiddar 50 kr., og fylgi sú kvöð, að skylt sé að nota þessa hesta til undaneldis næstu þrjú ár eftir að verðlaunin voru greidd. Önnur verðlaun ákveður dómnefnd hverrar sýningar.

Hlutaðeigandi sýslunefnd kys sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu, og greiðist þeim þóknun fyrir starfið úr sýslusjóði. Einnig ákveður sýslunefnd, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hve margar sýningar skuli haldnar í sýslunum og á hvaða stöðum. Hlutaðeigandi sýsla annast um nauðsynlegan undirbúning á sýningarstöðunum, en átroðningur af sýningum greiðist af fé sýningarinnar.

38. gr.

Jafnframt því sem héraðssýningar eru haldnar, skal gefa eigendum fullorðinna stóðhesta kost á afkvæmasýningum fyrir þá. Hver hestur má keppa tvisvar um verðlaun fyrir afkvæmi, og liði ekki minna en 6 ár á milli. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðist úr rikissjóði.

Er hestur keppir í fyrsta sinn um verðlaun fyrir afkvæmi, skulu þau vera: I. verðlaun 300 kr., II. verðlaun 200 kr. og III. verðlaun 100 kr. Er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, skulu þau vera: I. verðlaun 500 kr., II. verðlaun 300 kr. og III. verðlaun 100 kr.

Á afkvæmasýningu leggur eigandi hestsins til sýningarstaðinn, hlutaðeigandi sýsla 2 menn í dómnefnd, Búnaðarfélag Íslands oddamann dómnefndarinnar, sem jafnframt er sýningarstjóri, og skal það vera hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

39. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessa kafla eftir því sem þurfa þykir.

40. gr.

Brot gegn þessum kafla varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð hrossaræktarfélags þar sem brotið er framið, ella renni það til sveitarsjóðs hlutaðeigandi hrepps.

III. KAFLI.

Um sauðfjarrækt.

41. gr.

Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert eða nokkurn hluta þess.

42. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur innan sveitar, sem gert hefir samþykkt skv. 41. gr., og er þá skylt að taka hann í vörzlu og gera eiganda hans eins fljótt og

verða má aðvart um hann. Eigandi skal hafa vitjað hrútsins eða ráðstafað honum innan viku frá því hann fékk tilkynningu um hrútinn, en að þeim tíma liðnum skal farið með hann sem óskilafé.

43. gr.

Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, og skal þar tekið fram:

- a. Að halda skuli fóður- og vigtarskýrslur um kynbótaféð.
- b. Að halda skuli ættbók yfir kynbótaféð og merkja hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
- c. Hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
- d. Hve margt kynbótafé hver meðlimur félagsins hafi, og má ærtala félagsins ekki vera undir 50, og ekki yfir 30 hjá hverjum einstökum félagsmanni.

44. gr.

Félög þau, sem ræðir um í 43. gr., geta árlega fengið styrk úr rikissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og borgast eftir á, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur sé 75 kr. fyrir 1. verðlauna hrúta og 20 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru og skýrsla er haldin um og send Búnaðarfélaginu.

Heimilt er atvinnumálaráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita einstökum mönnum, er fullnægja skilyrðum a-, b- og c-liða 43. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.

45. gr.

Auk þessa getur atvinnumálaráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 800 kr. hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ á móti viðkomandi búnaðarsamböndum eða annarsstaðar frá. Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a—c-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, er sett kunna að verða.

Við ábúendaskipti hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og í samráði við aðra, er styrkt hafa búið, að ákveða, hvar búið starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna.

46. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón sauðfjárræktarbúanna, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess.

Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu yfir störf sín, og skal það birta úr þeim útdrátt eftir því sem þurfa þykir.

47. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum, þar sem þess er óskað, fjórða hvert ár. Skal þá skipta landinu í fjögur umdæmi og skulu sýningar haldnar í þeim til skiptis.

Til hrútaverðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður sýningarárið 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu fjárframlagi á móti annarsstaðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og skulu þær samþykktar af atvinnumálaráðuneytinu.

48. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að stofna til samkeppni milli sauðfjárþúa. Skal hún bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti í hvert sinn. Skal öllum landshlutum smám saman gefinn kostur á að taka þátt í henni, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppnina má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz farin hefir verið ein umferð um landið. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé. Reglur um samkeppnina og annað, sem að henni lýtur, skal atvinnumálaráðherra setja, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

49. gr.

Þegar lokið er einni umferð um landið samkv. 48. gr., má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til og þess er óskað af viðkomandi samkeppnissvæðum.

50. gr.

Brot gegn þessum kafla laganna varða sektum, 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

51. gr.

Verði ágreiningur um skilning þessa kafla, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

IV. KAFLI.

Um fóðurbirgðafélög.

52. gr.

Heimilt er sveitar- og hajarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum.

53. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rann-

saka, hvernig bændur eigi að fóðra búfó sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað. Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins og oft og þurfa þykir, og skal hin fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. okt.

Heimilt er fóðurbirgðafélagi að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt rúgmjöl og haframjöl til manneldis frá jólaföstudyrjun til fardaga.

54. gr.

Nú vilja menn koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa í fóðrum í sveitinni. Sé fundur lög- mætur og ná uppkastið samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi það verið tekið fram í fundarboðinu, að um þetta mál yrði rætt og gengið til atkvæða um það.

Samþykkt sveitarfundarins skal leggjast fyrir næsta hlutaðeigandi sýslu- fund til samþykktar.

Nú samþykkir sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, og sendist það þá atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmaets hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist hann á breytingar sýslufundar, sendist samþykktin atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar. Að öðrum kosti er hún fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslunefnd að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

55. gr.

Nú er fellt á almennum sveitarfundi að stofna fóðurbirgðafélag, og geta þá 10 menn eða fleiri, allir innan þess hrepps, myndað fóðurbirgðafélag með sömu skyldum og réttindum og heill hreppur væri. Er hlutaðeigandi sveitar- sjóði skylt að greiða tryggingarsjóði félagsins, þeirra vegna, eins og 56. gr. tölul. 1. mælir fyrir, og eins fyrir hvern hreppsbúa, er gengur síðar í félagið.

56. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem er stofnað samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrir mælum þeirra og samþykktar, sem um þau er gerð samkvæmt 54. gr., nýtur árlegs styrks úr rikissjóði sem hér segir:

1. Fyrir hvern bónda, sem býr einn á jörð, 10 kr.
2. Þegar fleiri en einn bóndi búa á sömu jörð, nemur styrkurinn 10 kr. fyrir einn bóndann (eða annan), en 5 kr. fyrir hinn bóndann, eða hvern hinna, ef fleiri eru en tveir.

57. gr.

Hvert fóðurbirgðafélag skal stofna tryggingarsjóð og er hann óskiptileg eign félagsins. Skal hann ávaxtaður í sparissjóði eða annari tryggri peningastofnun, en þó þannig, að ætíð sé hann félaginu handbær, ef það þarf að kaupa fóður.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlag úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem nemur 30 kr. fyrir hvern félagsmann, og greiði sveitarsjóður það á eigi lengri tíma en 10 árum, með jöfnum árgreiðslum.
2. Árlegt gjald, sem búfjáreigendur greiða eftir búfjárfjölda, sem þeir hafa á fóðrum, sem sé
 - a. Fyrir hvern nautgrip 50 aurar.
 - b. Fyrir hvert hross 25 —
 - c. Fyrir hverja sauðkind 5 —
3. Ef styrkur rikissjóðs eyðist ekki allur til árlegrar starfrækslu félagsins, leggst það, sem af gengur, í tryggingarsjóðinn.

Gjöld samkvæmt 2. tölulið hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

58. gr.

Nú kemur það í ljós að aflokinni skoðun, sbr. 53. gr., að tryggingarsjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan þriggja ára.

Fóðurbirgðafélagi, sem jafnframt tryggir heimilin innan félagsins fyrir bjargarskortu, er auk þess heimilt, ef þörf krefur, nauðsynlegt rekstrarlán úr bjargráðasjóði, gegn 5% ársvöxtum, og sé lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgist síðan á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skyld er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir hlutaðeigandi fóðurbirgðafélög.

Fé það, sem fóðurbirgðafélag fær þannig að láni, skal það ávaxta í sparissjóði eða annari tryggri peningastofnun þann tíma, sem það er ekki bundið í vörubirgðum félagsins.

59. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. des. ár hvert. Reikningsár fóðurbirgðafélaga er fardagaár. Skýrsluár félagsins er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

60. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir þeirra eru kosnir eftir sömu reglum og sveitarstjórnir, en einn þeirra tilnefndur hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

Nú nær félagið aðeins til nokkurs hluta hreppsþúa, og skal það þá kjósa 2 menn í stjórn, en einn stjórnarnefndarmanninn skal hlutaðeigandi hreppsnefnd tilnefna.

61. gr.

Nú er tryggingarsjóður fódurbirgðafélagsins orðinn svo stór, að hann nemur 150 kr. fyrir hvern félagsmann, og er þá félaginu rétt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum þeim, sem ræðir um í 57. gr. tölul. 2, að nokkru eða öllu leyti. Þó þarf samþykki atvinnuáráðherra til þess.

62. gr.

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem koma á hjá sér fódurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu, frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnuáráðherra.

63. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má i henni ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sjóð þess fódurbirgðafélags, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atvinnuáráðuneytið getur, ef þurfa þykir, sett nánari reglur um fódurbirgðafélög, og má ákveða sömu sektir og segir í næstu málsgrein á undan fyrir brot gegn þeim, og renni þær í sjóð þess fódurbirgðafélags, þar sem brotið er framið.

V. KAFLI.

Um búfjártryggingarsjóð Íslands.

64. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, stofnaður með lögum nr. 28, 7. maí 1928, skal taka að sér vátryggingu á kúm, kynbótanautum, kynbótahestum, hrútum og öðru því búfé, sem lög þessi heimila, og sem skylduábyrgð hvílir á samkvæmt þessum kafla. Skal rikissjóður hafa lagt sjóðnum til 45.000 krónur fyrir árslok 1931 og síðan 15.000 kr. á ári í 17 ár, þannig að tillag rikissjóðs verði alls 300.000 krónur. Um vátrygginguna fer að öðru leyti eftir fyrirmælum þessa kafla og nánari ákvæðum reglugerðar, sem atvinnuáráðherra setur, en hann hefir yfirstjórn þeirra mála, sem undir lög þessi falla, og úrskurðar ágreining, er út af þeim kann að risa, nema um dómsmál sé að ræða.

65. gr.

Sérhvert sveitar- og bæjarfélag á Íslandi, sem hefir á lögmætum fundi skv. 71. gr. samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, á rétt á að fá vátryggingu hjá sjóðnum, að því tilskildu, að skylduábyrgð hvíli á öllum þeim gripum, sem um getur í 64. gr., allra búfjáreigenda í því sveitar-

eða bæjarfélagi. Þó tekur Búfjártryggingarsjóður Íslands ekki til starfa fyrr en atvinnumálaráðherra hefir borizt slík beiðni um vátryggingu frá að minnsta kosti 10 sveitarfélögum.

66. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir $\frac{1}{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir, af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeiganda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að álit virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afurða og afnotamissir sakir veikinda og verðfalls sökum eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

67. gr.

Aldrei má hafa í vátryggingu eldri gripi en hér segir: Hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra.

Lambhrúta má eigi taka í vátryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn vátryggingarsjóðsins krafizt þess, að vátryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann, þótt hrútur farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Vátrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins, að dýralæknir, eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldi.

68. gr.

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 64. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, sbr. 71. gr.

69. gr.

Takast má vátryggingarsjóður á hendur almenna vátryggingu sauðfjár og hrossa í þeim sveitar- og bæjarfélögum, þar sem fóðurtrygging er í góðu lagi að álit Búnaðarfélags Íslands. Leita skal þó samþykkis ráðherra um þetta í hverju einstöku tilfelli.

70. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann $\frac{1}{5}$ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Húsráðendur í sveitum og aðrir búfjáreigendur, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kaup-túnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögætum fundi samþykkt að leita vátryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands á öllum þeim gripum allra búfjáreigenda hreppsins, sem sjóðurinn tekur að sér vátryggingu á skv. 64. gr.

Meiri hluti atkvæða allra þeirra, er um ræðir í fyrstu málsgr. þessarar gr. ræður úrslitum, og hafa þeir allir jafnan atkvæðisrétt, án tillits til gripa-eignar. Þó hafa formenn kynbótafélaga sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir kynbótagripi félaga þeirra, sem þeir eru formenn fyrir.

Fundur er lögmætur í sveitum, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum hlutaðeigendum með skriflegu fundarboði og eigi minna en tveggja vikna fyrirvara, en í bæjum eða kaптúnahreppum, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd boðar hann öllum eigendum váttryggingarskyldra gripa, með fundarboði í blaði, auglýsingu á fjölförnum stað i bænum eða kaптúninu, eða með umburðarbréfi, og með viku fyrirvara. Jafnan skal taka fram í fundarboðinu, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt á lögmætum fundi að leita váttryggingar hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands, eftir því sem fyrr var sagt, og skal þá sveitar- eða bæjarstjórn tafarlaust tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, en það gerir svo fljótt sem verða má allar þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar eða reglugerð ákveður, til þess að váttryggingin gangi í gildi.

72. gr.

Sveitarstjórnir í hreppum, en bæjarstjórnir í bæjarfélögum ábyrgjast gagnvart Búfjártryggingarsjóði Íslands öll iðgjöld og aukaiðgjöld, sem búfjáreigendum hreppsins ber að greiða. Öll gjöld til sjóðsins innheimta þær með öðrum sveitargjöldum, og má heimta þau með lögtaki.

73. gr.

Nú hefir Búfjártryggingarsjóður Íslands tekið að sér váttryggingu fyrir sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá sýslumaður eða lögreglustjóri nefna virðingarmenn, 2 eða fleiri, fyrir sjóðinn i samráði við hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og einn varamann fyrir hverja tvo aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripri til váttryggingar og skaðabóta samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum reglugerðar.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, fyrir eitt ár i senn, jafnaðarverð til skaðabóta á hverri tegund búfjár i hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji váttryggjandi eigi hlita því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmennina meta gripri sína og váttryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og váttryggjenda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

74. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn i sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en sveitar- eða bæjarstjórn varðveitir, og sendir hún ráðherra afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum á þar til gerð eyðublöð, svo oft sem ráðherra ákveður og eftir þeim reglum, sem ráðherra setur.

75. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum váttryggðu gripum og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi hver sá, er váttryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

76. gr.

Nú eru gripir, sem váttryggðir eru samkvæmt lögum þessum, veðsettir, og nær þá veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til skaðabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til skaðabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

77. gr.

Iðgjöld til váttryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðuneytið með reglugerð eða auglýsingu, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, sem um getur í 78. gr., þegar þær eru fengnar, en að öðrum kosti þær beztu upplýsingar um vanhöld, sem ráðuneytið getur aflað sér á annan hátt. Heimilt er ráðuneytinu jafnan að breyta iðgjöldum, þegar því þykir ástæða til, svo að þau séu í sem beztu samræmi við eðlileg eða venjuleg vanhöld, en tilkynna skal það breytinguna eigi síðar en 3 mánuðum áður en ákveða skal iðgjöld eftir henni.

78. gr.

Til leiðbeiningar um réttlátan og hæfilegan mælikvarða fyrir iðgjaldagreiðslum leggur atvinnumálaráðuneytið fyrir lögreglustjóra landsins að safna skýrslum um vanhöld á búpeningi, í því formi, sem það ákveður.

79. gr.

Atvinnumálaráðherra annast stofnun, stjórn og framkvæmdir Búfjartryggingarsjóðs Íslands og lætur ávaxta fé hans á tryggilegan hátt. Þegar honum þykir nauðsyn bera til, getur hann falið einum manni eða fleirum stjórn sjóðsins á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, er hann ákveður.

80. gr.

Nú verða vanhöld svo mikil á gripum, sem váttryggðir eru í sjóði þessum, að hann hrekkur ekki til, og skal þá rikissjóður lána vaxtalaust það, sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiru en 25 þúsund krónum, skal leggja á alla eigendur gripa, sem váttryggðir eru hjá sjóðnum, aukagjöld, í réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 25 þúsund krónur, greiðist rikissjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Eigi getur sveitar- eða bæjarfélag sagt upp váttryggingu sinni hjá sjóðnum meðan ógoldin eru aukaiðgjöld eða hluti þeirra.

81. gr.

Nú eru atvinnumálaráðuneytinu færðar líkur fyrir því, að of há sé váttryggingarvirðing á gripum í einu eða fleiri sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing í þeim félögum. Lækki þá virðing til jafnaðar, greiðist kostnaður við endurvirðingu úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, en að öðrum kosti greiðist kostnaðurinn úr Búfjártryggingarsjóði Íslands.

82. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um nánara fyrirkomulag á Búfjártryggingarsjóði Íslands. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun váttryggðra gripa eftir vanhaldahættu og ákveða upphæð iðgjalda fyrir hvern flokk, og skulu þau vera $\frac{1}{5}$ hluta hærri en áætluð venjuleg vanhöld. Reglugerð þessa og tilkynningar um breytingar á iðgjöldum, sbr. 77, 78. og 80. gr., skal senda öllum sveitar- og bæjarfélögum á landinu.

83. gr.

Í reglugerðinni skal gefa leiðbeiningar um, hvernig meta skal skaða af vanhöldum, og ákveða nánar, hvað telst til vanhalds, sem skylt er að bæta. Eru reglur þær og leiðbeiningar bindandi fyrir alla váttryggjendur. Síðan lætur atvinnumálaráðuneytið prenta eyðublöð fyrir váttryggingarskírteini handa öllum váttryggjendum, og séu þar á prentuð váttryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, sem einkum varða hvern váttryggjanda.

Ábyrgð váttryggingarsjóðs byrjar, þá er váttryggjandi hefir í hendur fengið váttryggingarskírteini eða greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Ennfremur lætur ráðuneytið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir Búfjártryggingarsjóð Íslands, svo og fyrir vanhaldaskýrslur lögreglustjórnanna.

84. gr.

Virðingarbækur og gerðabækur lætur ráðuneytið búa til, og fá sveitar- og bæjarstjórnir þær ókeypis. Bækurnar eru eign ríkisins og skulu sendar Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru og nýjar bækur komnar í stað hinna eldri, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið nánar ákveður.

Vanskil á bókum varða sektum, allt að 100 krónum, er renna í Búfjártryggingarsjóð Íslands.

85. gr.

Vanhaldaskýrslur skal prenta á kostnað ríkissjóðs, en aðrar skýrslur, skírteini og bækur á kostnað Búfjártryggingarsjóðs Íslands.

86. gr.

Brot váttryggjanda og vanræksla á ákvæðum þessa kafla og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt honum, varða missi skaðabótaréttar eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, sem brotið er við.

VI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

87. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar þegar viðkomandi héraðsstjórnir óska. Þar má sýna helztu tegundir búfjár, svo sem sauðfé, nautgripi, hross, hænsni og geitfé. Skal þá skipta landinu í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Fleiri sýslur en ein, eða sýsluhlutar, geta verið saman um héraðssýningu.

Styrkja skal sýningar þessar að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr viðkomandi sýslusjóði eða sýslusjóðum, er hvorttveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, er sýslusjóður veitir eða sýslusjóðir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd eða sýslunefndum að annast um allan undirbúning sýningar svæðisins. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun sýslusýninga, er atvinnu- málaráðuneytið staðfestir.

88. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lög- reglumál.

89. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24, 22. nóv. 1918; lög nr. 19, 15. júní 1926; lög nr. 29, 14. júní 1929; lög nr. 28, 7. maí 1928, og lög nr. 42, 28. nóv. 1919, um samþykktir eftirlits- og fóðurbirgðafélaga, sem og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir hið reglulega Alþingi, sem háð var síðastliðinn vetur og sem rofið var 14. apríl þ. á. Nú er það á ný lagt fyrir þingið eins og það var samþykkt í neðri deild Alþingis á síðastliðnum vetri.

Deildin hafði gert talsverðar breytingar á stjórnarfrumvarpinu, en þar sem þær munu yfirleitt til bóta hafa þær verið teknar til greina í þessu frumvarpi.

Að öðru leyti visast til athugasemdanna við téð frumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi á síðastliðnum vetri, sjá Alþingistiðindi A., bls. 226--241.